

Hverfisnefnd Brekkuskólahverfis
fundargerð
3. fundur
fimmtudaginn 4.5. 2006 kl. 20 í Brekkuskóla

Mætt: Njáll, Kristín, Kristján, Hjörleifur, Sigurlína, Sigríður, Bergljót
Fjarverandi: Börkur

Eftirfarandi atriði rædd:

1. Fundargerð síðasta fundar rædd og samþykkt.
2. Umferðarmál við Leikskólann Hólmasól og við Þórunnarstræti almennt. Áformað er að þrengja Þórunnarstrætið fyrir framan Hólmasól. Aðkoma fótgangandi úr hverfunum vestan við Þórunnarstræti er enn óviss og okkur óljóst hvernig þetta á að ganga upp með umferð til og frá leikskólanum. Ályktun frestað. Ákveðið að spyrjast fyrir um það hjá skipulagsdeild Akureyrarbæjar um það hvernig nákvæmlega á að hátta þessarri umferð, þ.e. aðgengi að leikskólanum sérstaklega, en þó í heild sinni skipulag á Þórunnarstræti. Ákveðið að óska eftir fundi með deildarstjóra Framkvæmdadeildar Akureyrarbæjar.
3. Fyrirspurnir komu frá íbúum í Vanabyggð vegna hraðrar umferðar um götuna. Íbúar óska eftir að fá hraðahindrun í götuna.
4. Vinnulag nefndarinnar. Ákveðið að setja niður nokkra punkta um það hvernig nefndin vinnur, vinnulag.
5. Tæpt á ýmsu.

Fundi slitið 21:30

Næsti fundur ákveðinn fimmtudaginn 11.5. 2006 kl. 20 í Brekkuskóla eða fyrr ef fundur fæst með deildarstjóra Framkvæmdardeildar.